

1. Almenn

Ís 47 ehf. (kt. 650603-3030), Hafnarbakka 6, 425 Flateyri, er með 200 tonna rekstrarleyfi (FE-1092/IS-36079) til sjókvíaeldis í Önundarfirði sem gildir til 25. maí 2021. Leyfið skiptist í 150 tonna ársframleiðslu af þorski og 50 tonn af regnbogasilungi. Fyrirtækið sótti um nýtt rekstrarleyfi fyrir 1.000 tonna hámarkslífmassa á regnbogasilungi og þorski þann 23. mars 2015.

Hafrannsóknastofnun hefur unnið burðarþolsmat fyrir fiskeldi á Íslandi. Burðarþolsmat Önundarfjarðar er metið 2.500 tonn fyrir fjórðinn í heild sinni. Við útgáfu rekstrarleyfisins mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi fyrir tiltekin svæði vegna lífræns álags.

Ís 47 mun stunda kynslóðaskipt sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski á tveimur sjókvíaeldissvæðum. Í Önundarfirði eru sjókvíaeldissvæði A sem inniheldur eldissvæðið Valþjófsdal og sjókvíaeldissvæði B sem inniheldur eldissvæðið Ingjaldssand, sem kallað var eldissvæði C í tilkynningu fyrirtækisins.

Matvælastofnun staðfestir að móttekin eru öll gögn sem stofnunni ber að óska eftir skv. lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvörðun Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 14. október til 11. nóvember 2020 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Framkvæmd Ís 47 ehf. var tilkynnt til Skipulagsstofnunar þann 1. nóvember 2013. Matvælastofnun skilaði umsögn vegna mögulegrar matsskyldu til Skipulagsstofnunar þann 20. nóvember 2013. Í umsögninni kemur fram að stofnunin telur ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til þess að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með mótvægisaðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og slysasleppingum. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 30. janúar 2014 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Við útgáfu rekstrarleyfis Ís 47 mun Matvælastofnun notast við burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar sem takmarkar lífmassa í fiskeldi við tiltekin svæði vegna lífræns álags. Umsókn Ís 47 ehf. snýr eingöngu að útgáfu rekstrarleyfis fyrir regnbogasilung og þorsk og þ.a.l. á áhættumat Hafrannsóknarstofnunar vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi ekki við. Með því að stunda sjókvíaeldi sem rúmast innan burðarþolsmats og notast við eldisbúnað sem stenst ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó þá er verið að stuðla að ábyrgu fiskeldi sem tryggir verndun villtra nytjastofna og kemur í veg fyrir spjöll á þeim og lífríki þeirra.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldissvæði Ís 47 ehf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Fyrirhuguð framkvæmd gerir ráð fyrir kynslóðaskiptu sjókvíaeldi þar sem ein kynslóð er alin á eldissvæðinu hverju sinni og eldissvæðið hvílt skv. ákvæðum reglugerðar um fiskeldi. Með kynslóðaskiptingu og hvíld eldissvæðis er stuðlað að því að ástand botns undir kvíastæði nái ásættanlegu ástandi milli kynslóða. Mikilvægt er að eldi hefjist ekki á ný að lokinni hvíld eldissvæða hafi hafsbótin ekki náð ásættanlegu ástandi samkvæmt viðmiðum Umhverfisstofnunar. Ís 47 ehf. mun notast við stofn regnbogasilungs sem Matvælastofnun samþykkir en stofninn sem fluttur er inn í dag, og hefur verið í notkun hér á landi undanfarin ár, er hryngustofn (all female) en það eru hrygnur sem geta myndað hrogn en eru kynbættar á þann hátt að kynþroski er síðbúinn. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt.

Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Ís 47 ehf. í Öndarfirði er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna rekstrarleyfanna

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Ísafjarðarbæjar þann 11. desember 2019 vegna aukningar á sjókvíaeldi Ís 47 í Öndarfirði. Gögn sem fylgdu umsagnarbeiðnum voru tilkynning rekstraraðila til Skipulagsstofnunar og ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu.

Í umsögn Ísafjarðarbæjar kemur fram að Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis Ís 47 í Öndarfirði.

Ekki bárust umsagnir frá Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofu.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingartíma vegna rekstrarleyfistillögunnar og viðbrögð Matvælastofnunar

Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 14. október til 11. nóvember 2020. Matvælastofnun bárust engar athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi á auglýsingartíma.

5. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Ís 47 ehf. Rekstrarleyfið heimilar hámarkslífmassa 1.000 tonn til matfiskeldis á þorski og regnbogasilungi. Rekstrarleyfið nær til kynslóðaskipts sjókvíaeldis í Öndarfirði á tveimur staðsetningum. Sjókvíaeldissvæði A inniheldur eldissvæðið Valþjófsdal og sjókvíaeldissvæði B inniheldur eldissvæðið Ingjaldssand.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Rekstrarleyfið gildir til 8. janúar 2037.

Þegar rekstrarleyfið tekur gildi (FE-1109) kemur það í stað rekstrarleyfis Ís 47 ehf. (FE-1092/IS-36079) til 200 tonna sjókvíaeldis á þorski og regnbogasilungi.

Selfossi, 8. janúar 2021